

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Helga Hjörvar um eignarhluti ríkisins og meðalvaxtakostnað á lántökum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvert var bókfært verðmæti eignarhluta ríkisins í eftirtöldum fyrirtækjum miðað við ársreikninga þeirra eins og þeir voru annars vegar í árslok 2009 og hins vegar í árslok 2013:
  - a. Landsbankanum,
  - b. Arion banka,
  - c. Íslandsbanka,
  - d. Landsvirkjun,
  - e. Orkusölunni,
  - f. Orkubúi Vestfjarða,
  - g. Landsneti,
  - h. Rarik,
  - i. Farice,
  - j. Isavia (miða skal við 1. janúar 2010 í stað 31. desember 2009),
  - k. ÁTVR,
  - l. Íslandspósti?
2. Hve miklar voru arðgreiðslur frá framantöldum fyrirtækjum til ríkisins sem eiganda á árunum 2010–2013, sundurliðað eftir fyrirtækjum og árum?
3. Hver var meðalvaxtakostnaður ríkissjóðs á lántökum á árunum 2010–2013, sundurliðaður eftir árum?

Í svari við 1. og 2. tölul. er óskað eftir upplýsingum þannig fram settum að eignarhlutir í fyrirtækjunum innbyrðis séu ekki tvítaldir.

Tafla 1. Bókfært verðmæti fyrirtækja í eigu ríkisins 2009 og 2013.

Fjárhæðir í millj. kr.	Árslok 2009			Árslok 2013		
	Eignarhluti ríkissjóðs	Bókfært virði <sup>1</sup>	Virði m.v. eignarhlut ríkissjóðs	Eignarhluti ríkissjóðs	Bókfært virði <sup>1</sup>	Virði m.v. eignarhlut ríkissjóðs
Landsbankinn	81,30%	157.592	128.122	98,00%	241.359	236.532
Arion banki	13,00%	90.034	11.704	13,00%	144.947	18.843
Íslandsbanki	5,00%	92.103	4.605	5,00%	147.660	7.383
Landsvirkjun	100,00%	193.147	193.147	100,00%	200.419	200.419
Orkusalan <sup>2</sup>	100,00%	3.437	3.437	100,00%	6.661	6.661
Orkubúi Vestfjarða <sup>3</sup>	100,00%	4.334	4.334	100,00%	5.169	5.169
Landsnet <sup>4</sup>	93,22%	8.322	7.758	93,22%	15.446	14.399
Rarik	100,00%	10.669	10.669	100,00%	17.006	17.006

Fjárhæðir í millj. kr.	Árslok 2009			Árslok 2013		
	Eignarhluti ríkissjóðs	Bókfært virði <sup>1</sup>	Virði m.v. eignarhlut ríkissjóðs	Eignarhluti ríkissjóðs	Bókfært virði <sup>1</sup>	Virði m.v. eignarhlut ríkissjóðs
Farice	25,00%	1.817	454	30,18%	7.255	2.190
Isavia <sup>5</sup>	100,00%	8.123	8.123	100,00%	14.864	14.864
ÁTVR	100,00%	3.641	3.641	100,00%	4.595	4.595
Íslandspóstur	100,00%	2.656	2.656	100,00%	2.357	2.357
<b>Samtals</b>		<b>575.874</b>	<b>378.650</b>		<b>807.739</b>	<b>530.418</b>

Stuðst er við gjaldmiðlagengi í árslok 2014 fyrir Landsvirkjun og Farice.

- 1) Stuðst við bókfært eigið fé í ársreikningi viðkomandi félags.
- 2) Orkusalan er hluti af samstæðureikningi Rarik sem dótturfélag og er 100% í eigu Rarik. Ríkissjóður er óbeinn eignaraðili að Orkusölunni gegnum eignarhald sitt á Rarik.
- 3) Orkubú Vestfjarða bókar eignarhlut sinn í Landsneti á kostnaðarverði en ekki bókfærðu virði samkvæmt ársreikningi Landsnets.
- 4) Landsnet er hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Rarik bókar eignarhlut sinn á bókfærðu verði. Orkubú Vestfjarða bókar eignarhlut sinn á kostnaðarverði. Eigendur Landsnets: Landsvirkjun 64,7%, Rarik 22,51% og Orkubú Vestfjarða 5,98%. Fyrirtækið er því 93,22% í óbeinni eigu ríkisins.
- 5) Tölur fyrir Isavia miðast við 1. janúar 2010 í stað 31. desember 2009.

**Tafla 2. Arðgreiðslur til ríkissjóðs frá fyrirtækjum í eigu ríkisins árin 2010–2013.**

Fjárhæðir í millj. kr.	Árslok 2010	Árslok 2011	Árslok 2012	Árslok 2013
Landsbankinn	0	0	0	9.786
Arion banki	0	0	0	0
Íslandsbanki	0	0	0	150
Landsvirkjun	0	0	1.798	1.499
Orkusalan <sup>1</sup>	0	0	0	100
Orkubú Vestfjarða	0	0	0	60
Landsnet <sup>2</sup>	0	0	0	0
Rarik	0	0	0	210
Farice	0	0	0	0
Isavia	0	0	0	0
ÁTVR	1.000	1.000	1.050	1.200
Íslandspóstur	40	80	0	15
<b>Samtals</b>	<b>1.040</b>	<b>1.080</b>	<b>2.848</b>	<b>13.020</b>

Stuðst er við gjaldmiðlagengi í árslok 2014 fyrir Landsvirkjun.

- 1) Arður sem var greiddur af Orkusölunni til Rarik. Samtals arðgreiðsla Rarik til ríkissjóðs nam 310 millj. kr. Orkusalan er hluti af samstæðureikningi Rarik sem dótturfélag og er 100% í eigu Rarik. Ríkissjóður er óbeinn eignaraðili að Orkusölunni gegnum eignarhald sitt á Rarik.
- 2) Sjá skýringu 4 í töflu 1.

**Tafla 3. Meðalvaxtakostnaður ríkissjóðs á lántökum á árunum 2010–2013.**

Fjárhæðir í millj. kr.	Árslok 2010	Árslok 2011	Árslok 2012	Árslok 2013
Vaxtakostnaður ársins <sup>*</sup>	68.102	65.588	75.625	74.406
Hlutfall vaxta af skuldum	5,30%	4,47%	5,04%	5,10%

<sup>\*</sup>Samkvæmt ríkisreikningi viðkomandi árs.